

Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 22. desember 2016 R1612004

Málsnr.	Erindi:	Afgreiðsla:
	Fundargerðir:	
R16010024	Stjórn SSH, 437. fundur, dags. 5.12.'16.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R16010024	Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins, 72. fundur, dags. 16.12.'16	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
	Annað:	
R16120067	Erindi stjórnar MARK, dags. 11.12.'16 um endurnýjun samstarfssamnings.	Sent SBB til meðferðar.
R16110031	Tölfræði afrota fyrir nóvembermánuð.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R16120068	Erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 15.12.'16, vegna kjaradeilu við Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R16120070	Styrkumsókn Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, dags. 14.12.'16.	Sent MOF til umsagnar.
R15060076	Minnisblað FMS vegna stöðu innleiðingar mannauðs- og launakerfis SAP, dags. 12.12.'16.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R16120082	Erindi SEA, dags. 16.12.'16, vegna úthlutunar lóðar með byggingarrétti að Nýlendugötu 34	Sent USK/skipulagsfulltrúa til umsagnar.
R16120106	Erindi Landsnets, dags. 19.12.'16 vegna kerfisáætlunar 2016-2025	Sent USK til meðferðar.
R16120101	Erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 20.12.'16, varðandi ýmsar lykiltölur í leik- og grunnskóla.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R15100347	Erindi Benónýs Ægissonar, dags. 13.12.'16.	Sent HER til meðferðar.
R16120028	Erindi íbúasamtaka miðborgar, dags. 6.12.'16	Sent borgarfulltrúum til kynningar.



STJÓRN SSH 437. fundur

Mánudaginn 5. desember 2016, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Dagur B. Eggertsson, Haraldur Líndal Haraldsson, Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur Sverrisson og Gunnar Einarsson.
Forföll: Guðný Ívarsdóttir.

Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Nýr stjórnarformaður SSH, Ármann Kr. Ólafsson stýrði fundi.

1. Kynning á DMP verkefninu, stefnumarkandi uppbygging ferðamannastaða

Á fundinn mættu undir þessum dagskrárlið Áshildur Bragadóttir frá Höfuðborgarstofu og Anna Katrín Einarisdóttir frá Stjórnstöð ferðamál og kynntu verkefnið, tilurð þess og tilgang sem og verkáætlun vegna yfirstandandi vinnu.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH telur eðlilegt að Áshildur Bragadóttir verði tengiliður SSH við verkefnið.

2. GERT verkefnið – tengsl grunnskóla og atvinnulífs vegna eflingar verkmenntunar /málsnr. 1606005

Á fundinn mættu undir þessum dagskrárlið Almar Guðmundsson og Ingibjörg Stefánsdóttir frá Samtökum iðnaðarins og kynntu verkefnið og beiðni um að SSH komi að verkefninu með 2 m. króna fjárframlag til að styrkja stöðu verkefnisstjóra. Bent var á í þessu sambandi að myndun tengsla milli skóla og atvinnulífs er um margt flóknar á höfuðborgarsvæðinu en annars staðar á landinu.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn er jákvæð fyrir fjárhagslegri aðkomu að verkefninu og felur framkvæmdastjóra að skoða möguleika á fjármögnun, m.a. með mögulegri nýtingu á framlagi til sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2017.



3. Sameiginlegar reglur vegna skólaaksturs fatlaðra grunnskólanemenda /málsnr. 1501012

Á fundinn mættu Reynir Kristinsson ráðgjafi, Jóhannes Svavar Rúnarsson og Erlendur Pálsson frá Strætó bs. og Hjalti Sigurðarson frá skólaskrifstofu Reykjavíkurborgar og gerðu grein fyrir tillögu að sameiginlegum reglum vegna skólaaksturs fatlaðra grunnskólabarna.

Umræður

Niðurstaða:

Afgreiðslu máls frestað til næsta stjórnarfundar.

4. Málafni byggðasamlaganna /málsnr. 1501004

Birgir Björn Sigurjónsson fjármálastjóri Reykjavíkurborgar sat fundinn undir þessum dagskrárlíð.

a) Rekstrarúttekt byggðasamlaganna – lokaskil stýrihóps

Fyrir fundinum lá skilablað stýrihóps rekstrarúttektar byggðasamlaganna sem skipaður var á stjórnarfundum SSH 10. nóvember 2014. Ennfremur voru kynntar sem trúnaðarmál samantektir Framsækni ehf. á greiningum, niðurstöðum og tillögum vegna úttektarinnar.

Umræður

Niðurstaða.

Samþykkt að fela formanni stýrihópsins, framkvæmdastjóra SSH og Ágústi Þorbjörnssyni að undirbúa sérstaka kynningu á niðurstöðum verkefnisins fyrir fulltrúum einstakra sveitarfélaga (framkvæmdastjórum sveitarfélaganna, formönnum bæjaráða/forsetum bæjarstjórna og fulltrúum viðkomandi sveitarfélaga í stjórnnum byggðasamlaganna) sem fyrst.

b) Eigendafundur SORPU bs.

Fyrir liggur að stjórn SORPU bs. hefur óskað eftir því að haldinn verði formlegur eigendafundur byggðasamlagsins sem fyrst vegna ákvörðunar Kópavogsbæjar um fyrirkomulag við flokkun plasts.

Niðurstaða.

Ekki var talið tímabært að boða til formlegs eigendafundar fyrr en fyrir liggur svar SORPU bs. við erindi Kópavogsbæjar vegna málsins.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:55



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Fundargerð

72. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 16. desember.2016, kl.11:00 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mættir:

Reykjavík:

Hjálmar Sveinsson

Kópavogsbær:

Hreiðar Oddsson og Ása Richardsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Borghildur Sturludóttir og Eva Lín Vilhjálmisdóttir

Garðabær:

Sigurður Guðmundsson og Steinþór Einarsson

Mosfellsbær:

Bryndís Haraldsdóttir og Ólafur Ingi Óskarsson

Seltjarnarnesbær:

Stefán Bergmann

Kjósarhreppur:

G. Oddur Víðison

Halldór Halldórsson boðaði forföll.

Ennfremur sat fundinn Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins sem ritaði fundargerð.

Formaður, Hjálmar Sveinsson, setti fund og stýrði.

1. Staða húsnæðismarkaðarins á höfuðborgarsvæðinu

Jón Bjarni Gunnarsson og Friðrik Á. Ólafsson hjá Samtökum iðnaðarins greindu frá talningum á íbúðum í byggingu í dag og spá SI um uppbyggingu íbúðahúsnæðis til ársins 2019.

Svæðisskipulagsstjóri greindi frá samanteknum upplýsingum frá Þjóðskrá og byggingafulltrúaembættum um hvernig Þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2015-2018 hefur undið fram.

Í máli beggja kom fram að skortur er á íbúðahúsnæði á höfuðborgarsvæðinu og hægar hefur gengið að bæta framboðið en áætlanir gerðu ráð fyrir. Rætt var um nauðsyn þess að hafa gott aðgengi að upplýsingum um stöðuna á íbúðamarkaðnum, lóðamál, áherslur svæðisskipulagsins o.fl.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd þakkar SI fyrir þeirra framlag við að draga fram upplýsingar um íbúðir í byggingu. Nefndin harmar að árið 2016 sé aðgengi að þessum upplýsingum jafn bagalegt og raun ber vitni. Það er brýn þörf á úrbótum allra þeirra aðila sem að málinu koma sem allra fyrst. Mikilvægt er að halda áfram því samtali sem myndast hefur milli SI og svæðisskipulagsnefndar.

Varðandi umræðu um lóðaskort vill svæðisskipulagsnefnd árétta vilja til að ná jafnvægi í uppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu og telur sig eiga samleið með SI í þeim efnum. Þó svo að sveitarfélög hafi minkað framboð á lóðum á óbyggðum svæðum þá er heilmikið framboð af byggingarétti í þegar byggðum hverfum.

2. Staða þróunaráætlunar / málsnr. 1501008

Erindi Skipulagsstofnunar um stöðu Þróunaráætlunar 2015-2018 vegna framfylgdar svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins.

Í erindinu óskar Skipulagsstofnun eftir upplýsingum um stöðu vinnunnar við afgreiðslu seinni hluta þróunaráætlunar 2015-2018 sem stóð til að væri lokið haustið 2015. Einnig óskar stofnunin eftir því að lagðar verði fram upplýsingar um uppbyggingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu. Loks er minnt á að í bréfi Skipulagsstofnunar dags. 30. júní 2015 var því beint til svæðisskipulagsnefndar að skoða frekar, við afgreiðslu seinni hluta þróunaráætlunar 2015-2018, hvernig best er hægt að nýta þróunaráætlunina til að samræma áform sveitarfélaga og tryggja að uppbygging næstu ára styðji markmið svæðisskipulagsins.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd þakkar Skipulagsstofnun bryninguna og tekur undir með stofnuninni að það sé bagalegt að ekki hafi tekist að ljúka seinni áfanga þróunaráætlunar. Unnið er nú að endurmati þróunaráætlunar 2015-2018. Svæðisskipulagsnefnd bendir á að ætlunin er að endurskoða þróunaráætlanir þegar lega Borgarlínu liggur fyrir ásamt tillögum að áfangaskiptingu líkt og kemur fram í aðgerð 2.2.1. Miðað við sérstakt samkomulag sem sveitarfélögin undirrituðu á aðalfundi SSH þann 2. desember sl. má ætla að þessar upplýsingar liggi fyrir vorið 2017.

Svæðisskipulagsnefnd óskar eftir því að eiga samtal við fulltrúa Skipulagsstofnunar á næsta fundi sínum til að fara yfir ofnagreind atriði.

3. Kópavogur – aðalskipulagsbreyting vegna brúar yfir Fossvog / málsnr. 1611005

Lýsing að skipulagsverkefni skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Óskað er eftir að umsagnir berist fyrir 15. desember 2016.

Breytingin felst í að skilgreiningar á samgöngumátum sem nýta mega brú yfir Fossvog er víkkuð þannig að gert verði ráð fyrri að almenningssamgöngur geti nýtt brúnna en ekki einungis gangandi og hjólandi. Með því verður samræmi milli skilgreininga í aðalskipulagi Kópavogs og Reykjavíkur.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd fagnar því að Kópavogur ætli að breyta skilgreiningum í sínu aðalskipulagi þannig að almenningssamgöngur geti nýtt brú yfir Fossvog. Nefndin bendir á að í þeirri vinnu sem staðið hefur yfir við val á legu Borgarlínu hefur brú yfir Fossvog alltaf verið einn möguleiki.

4. Seltjarnarnes – endurskoðun aðalskipulags / málsnr. 1611006

Auglýst tillaga að aðalskipulagi Seltjarnarness 2015-2033 skv. 31. gr. skipulagslaga.

Í tillögunni eru markmið um breyttar ferðavenjur í samræmi við svæðisskipulagið

og sett er fram stefna um Borgarlínu í bæjarkjarnann við Eiðstorg. Einnig kemur fram stefna um hjáleidir fyrir strandstíginn þannig að hann myndi samfellu milli Seltjarnarness og Reykjavíkur.

Stefán Bergmann situr hjá við afgreiðslu nefndarinnar.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd telur gott samræmi vera milli tillögu að aðalskipulagi Seltjarnarness og svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

- 5. Reykjavík, aðalskipulagsbreyting, Hraunbær-Bæjarháls / málsnr. 1612001**
Verkefnislýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 þar sem heimila á íbúðauppbýggingu á svæði sem nú er skilgreint sem opið svæði milli Hraunbæjar og Bæjarháls.

Þetta opna svæði hefur ekki svæðisbundið mikilvægi samkvæmt þemakorti 7 í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins eða í fylgirit 8 Náttúra og útivist. Ánægjulegt er að sjá stefnu um að 25% íbúða verði á viðráðanlegu kjörum en slíkar áherslur eru í markmiði 5.1 í svæðisskipulaginu.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd gerir engar athugasemdir við verkefnislýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur. Svæðisskipulagsnefnd lýsir yfir ánægju með þá stefnu um að stór hluti íbúða verða á viðráðanlegum kjörum. Nefndin hvetur Reykjavíkurborg til hafa í huga bæði markmið svæðisskipulagsins undir leiðarljósi 5 – Gott nærumhverfi eykur gæði borgarbyggðar.

- 6. Reykjavík, aðalskipulagsbreyting, heimildir um veitinga- og gististaði / málsnr. 1612002.**

Lýsing að skipulagsverkefni skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Breytingu á stefnu aðalskipulags Reykjavíkur til samræmis um lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd telur að breytingin hafi ekkert svæðisbundið gildi og mun því ekki gera neinar athugasemdir við lýsinguna. Svæðisskipulagsnefnd óskar eftir því að Reykjavíkurborg kynni fyrirhugaðar skipulagsbreytingar fyrir fagráði svæðisskipulagsnefndar.

- 7. Reykjavíkurborg, aðalskipulagsbreyting, stefna um íbúðabyggð / málsnr. 1611003**

Drög að tillögu breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 - 2030 skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Með breytingunni er annars vegar verið að lagfæra augljós mistök í framsetningu stefnu og hins vegar að skýra stefnu um uppbyggingu smáíbúða sem ekki kallar á breytingar á aðalskipulagi.

Niðurstaða:

Að mati svæðisskipulagsnefndar hafa breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur um heimildir um veitinga- og gististaði ekki svæðisbundið mikilvægi. Svæðisskipulagsnefnd gerir engar athugasemdir við tillöguna.

8. Garðabær, aðalskipulagsbreyting vegna Heiðmerkur / málsnr. 1512004

Drög að tillögu skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Breytingarnar fela m.a. í sér að verið er að innleiða vatnsverndarmörk svæðisskipulagsins. Einnig fjalla þær um stígakerfi og staðsetningu útilífsmiðstöðvar.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd felur svæðisskipulagstjóra að ganga úr skugga að um vatnsverndarmörk séu í samræmi við svæðisskipulag og gera umsögn við tillögudrögin.


Næsti fundur svæðisskipulagsnefndar verður föstudaginn 27. janúar 2017 kl. 11:00.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:20.

Borgarráð

Reykjavíkurborg

Ráðhús Reykjavíkur



Efni: Ósk um endurnýjun samstarfssamnings við *MARK Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsóknna* við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands.


Með þessu bréfi óska ég eftir að Reykjavíkurborg endurnýji samstarfssamning milli Reykjavíkurborgar og *MARK Miðstöðvar margbreytileika- og kynjarannsóknna* við Háskóla Íslands sem var í gildi 2014-2016. Lagt er til að Reykjavíkurborg leggi til sömu upphæð og áður, þ.e. 1.000.000 krónur árlega, og að mótframlag MARK verði jafnhátt. Ráðgert er að Þorgerður Einarsdóttir prófessor í kynjafræði verði tengiliður og umsjónaraðili samstarfsins fyrir hönd MARK. Meðfylgjandi er greinargerð þar sem ósk um samstarf er rökstudd.

Með von um jákvæðar undirtektir,

Jónína Einarsdóttir

prófessor í mannfræði við Háskóla Íslands / formaður stjórnar MARK

Sími: +354-5254308 /+354 -5520360/ +354-8204360



Afbrotatölfræði

nóvember 2016



Aðferð


Í skýrslu þessari eru teknar saman mánaðarlega lykiltölur embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Einungis er um bráðabirgðatölur að ræða. Fjöldinn getur breyst með brotum sem kærð eru seint og því verið frábrugðinn endanlegum tölum.

Hér að neðan er fjöldi afbrota í nóvember borinn saman við meðalfjölda brota síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan út frá staðalfrávikum. Með því að reikna staðalfrávik er hægt að áætla neðri og efri mörk brota síðastliðna sex og 12 mánuði á undan sem nýtast til þess að leggja mat á hve marktækar breytingarnar í nóvember eru miðað þessi mörk.



	Október 2016	Nóvember 2016	Staða breytinga m.v. 6 mán.	Staða breytinga m.v. 12 mán.
Hegningarlagabrot	786	639	Fækkar	Mikil fækkun
Þjófnaður	334	295	Fækkar	Innan marka
Þjófnaður - innbrot	59	94	Mikil fjölgun	Fjölgar
Manndráp og líkamsmeiðingar	117	98	Innan marka	Innan marka
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	3	4	Innan marka	Innan marka
Kynferðisbrot	20	16	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	1	4	Mikil fjölgun	Fjölgar
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	119	88	Fækkar	Fækkar
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	17	23	Innan marka	Innan marka
Fíkniefni	96	102	Fækkar	Innan marka
Umferðarlagabrot	728	764	Fækkar	Innan marka
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	95	81	Innan marka	Innan marka
Ölvun við akstur	74	90	Fjölgar	Mikil fjölgun
Innbrot á heimili	13	23	Fjölgar	Fjölgar
Slys	45	40	Innan marka	Innan marka



Hegningarlagabrot



- Skráðar voru 639 tilkynningar um hegningarlagabrot í nóvembermánuði.
- Skráðum hegningarlagabrotum fækkar miðað við fjölda síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan og reiknast fækkunin mikil miðað við neðri mörk síðustu sex mánaða á undan.
- Það sem af er ári hafa borist svipað jafn margar tilkynningar um hegningarlagabrot og meðaltal fyrir sama tímabil síðustu þrjú ár á undan.




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.


Hegningarlagabrot	Nóvember 2016	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	639	713	668	757	-72	-10%	Mikil fækkun
12 mánaða meðaltal	639	711	676	757	-74	-10%	Fækkar



- Skráðar voru 295 tilkynningar um þjófnað í nóvember. Eru það færri tilkynningar en í september.
- Fjöldi tilkynntra þjófnaða fækkar miðað við neðri mörk síðustu sex mánaða á undan, en eru innan marka miðað við síðustu 12.
- Á milli mánaða fjölgaði tilkynningum um innbrot og þjófnað á farsímum. Tilkynningum um hnúpl, þjófnaði á reiðhjólum og annars konar þjófnaði fækkar.
- Tilkynntum þjófnum hefur fækkað um 12 prósent samanborið við meðaltal fyrir sama tímabil síðastliðin þrjú ár.





	nóv	des	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	ág	sep	okt	nóv
■ Þjófnaður - innbrot	74	94	86	64	80	101	72	55	63	47	65	59	94
■ Þjófnaður - hnúpl	108	80	62	74	82	89	61	48	55	60	82	98	69
■ Þjófnaður - gsm	47	55	48	35	33	34	31	51	43	43	34	38	42
■ Þjófnaður - reiðhjól	24	8	9	13	17	40	62	56	66	57	65	45	15
■ Þjófnaður - annað	89	85	94	77	121	99	80	88	98	88	104	94	75
Þjófnaður alls	342	322	299	263	333	363	306	298	325	295	350	334	295



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Þjófnaður	Nóvember 2016		Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
	Meðalt.	Neðri	Efri	+/-	%		
6 mánaða meðaltal	295	318	298	338	-23	-7%	Fækkar
12 mánaða meðaltal	295	319	292	346	-24	-8%	Innan marka

- Í nóvember voru 94 innbrot tilkynnt lögreglu, sem er töluverð fjölgun miðað við síðasta mánuð.
- Fjöldi tilkynnta innbrota fjölgar miðað við efri mörk síðustu sex og síðustu 12 mánaða og reiknast fjölgunin mikil miðað við efri mörk síðustu sex mánaða á undan.
- Það sem af er ári hafa borist 10 prósent færri tilkynningar um innbrot borið saman við meðaltal síðustu þriggja ára á undan.





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Innbrot	Nóvember 2016		Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
	Nóvember 2016	Meðalt.	Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	94	60	52	68	34	56%	Mikil fjölgun
12 mánaða meðaltal	94	72	56	87	22	31%	Fjölgar



Ofbeldisbrot

- Í nóvember bárust lögreglu 98 tilkynningar um ofbeldisbrot. Tilkynningum fækkar á milli mánaða.
- Skráðar tilkynningar um ofbeldisbrot eru innan marka miðað reiknuð mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa borist 23 prósent fleiri tilkynningar um ofbeldisbrot samanborið við meðaltal fyrir sama tímabil síðustu þriggja ára.




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Ofbeldisbrot	Nóvember		Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
	2016	Meðalt.	Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	98	96	84	108	2	2%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	98	96	86	106	2	2%	Innan marka



Ofbeldi gagnvart lögreglumanni




Ofbeldi gagnvart lögreglumanni


- Í nóvember voru skráð fjögur tilvik þar sem lögreglumaður var beittur ofbeldi.
- Það sem af er ári hafa verið skráð um 29 prósent færri tilvik þar sem lögreglumaður var beittur ofbeldi miðað við meðaltal síðustu þriggja ára á undan.

Hótun um ofbeldi gagnvart lögreglumanni


- Í nóvember voru skráð þrjú tilvik þar sem lögreglumanni var hótað ofbeldi.
- Það sem af er ári hafa skráð tilvik verið um 34 prósent færri en meðalfjöldi síðustu þriggja ára áður.



Ofbeldi gagnvart lögreglumanni



Hótun um ofbeldi gagnvart lögreglumanni




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu





Kynferðisbrot—dags. brots



- Tilkynnt var um 16 kynferðisbrot sem áttu sér stað í nóvember. Eru það færri brot en áttu sér stað í september.
- Fjöldi tilkynntra kynferðisbrota í nóvember eru innan marka miðað við meðalfjölda síðustu sex og síðustu 12 mánuði.
- Tilkynningar um kynferðisbrot voru um tíu prósent færri í nóvember samanborið við meðalfjölda fyrir sama tímabil árin 2013 til 2015.

Hér er fyrir neðan er fjöldi kynferðisbrota sem áttu sér stað í hverjum mánuði fyrir sig á tímabilinu.




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Kynferðisbrot	Nóvember 2016		Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
	Nóvember 2016	Meðalt.	Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	16	18	10	26	-2	-10%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	16	16	10	22	0	0%	Innan marka





Kynferðisbrot—dags. tilkynnt



- Tilkynnt var um 25 kynferðisbrot í nóvember.
- Fjöldi tilkynntra kynferðisbrota í nóvember eru innan marka miðað við meðalfjölda síðustu sex og síðustu 12 mánuði.
- Tilkynnt kynferðisbrot hafa fækkað um 18 prósent samanborið við meðaltal fyrir sama tímabil síðustu þrjú ár á undan.

Hér er fyrir neðan er fjöldi kynferðisbrota sem voru tilkynnt í hverjum mánuði fyrir sig, burt séð frá því hvenær brotið átti sér stað.





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Kynferðisbrot	Nóvember 2016		Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
	Fjöldi	Meðalt.	Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	21	20	11	29	1	3%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	21	22	14	30	-1	-5%	Innan marka



Heimilisofbeldi

- Alls bárust 52 tilkynningar um heimilisofbeldi í nóvember.
- Fjöldi tilkynninga um heimilisofbeldi í nóvember eru innan marka miðað við meðalfjölda síðustu sex og síðustu 12 mánaða.
- Það sem af er ári hefur tilkynningum um heimilisofbeldi fjölgað um 66 prósent samanborið við meðalfjölda tilkynninga síðustu þrjú ár áður.
- Nýtt verklag lögreglu í málaflokknum tók formlega gildi 12. janúar 2015. Að þeim sökum er ekki marktækt að bera saman fjölda fyrir og eftir breytingar.




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Heimilisofbeldi	Nóvember 2016		Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
	Fjöldi	Meðalt.	Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	55	53	47	59	2	3%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	55	53	48	58	2	3%	Innan marka




Eignaspjöll

- Í nóvember voru skráðar 92 tilkynningar um eignaspjöll.
- Fjöldi tilkynninga um eignaspjöll í heild eru innan marka miðað við meðalfjölda síðustu sex og síðustu 12 mánaða.
- Tilkynningum um eignaspjöll hefur fjölgað um fjögur prósent samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára.
- Á milli mánaða fjölgaði tilkynningum um rúðubrot og meiriháttar eignaspjöll.



	nóv	des	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	ág	sep	okt	nóv
Rúðubrot	45	50	79	36	36	35	35	35	38	25	33	33	39
Veggjakrot	2	3	6	7	5	3	2	7	5	5	10	4	2
Önnur minniháttar eignaspjöll	48	55	60	66	68	69	64	70	61	60	58	82	47
Meiriháttar eignaspjöll	3	2	1	2	1	6	1	2	2	1	3	1	4
Eignaspjöll alls	98	110	146	111	110	113	102	114	106	91	104	120	92





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Eignaspjöll	Nóvember 2016		Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
	Nóvember 2016	Meðalt.	Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	120	106	99	114	14	13%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	120	110	95	125	10	9%	Innan marka

Nytjastuldur ökutækja

- Skráðar voru 23 tilkynningar um nytjastuld á vélknúnum farartækjum í nóvember.
- Fjöldi tilkynninga um nytjastuldi eru innan marka miðað við síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Tilkynningarnar eru um 22 prósent fleiri miðað við meðalfjölda síðustu þriggja ára.





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Nytjastuldir	Nóvember 2016		Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
	Nóvember 2016	Meðalt.	Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	23	27	19	35	-4	-15%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	23	28	19	36	-5	-17%	Innan marka



Fíkniefnabrot

- Í nóvember voru skráð 106 fíkniefnabrot. Skráðum brotum fjölgar lítillega á milli mánaða.
- Skráðum tilkynningum um fíkniefnabrotum fækkar miðað við neðri mörk síðustu sex mánaða, en eru innan marka miðað við síðustu 12 mánuði á undan.
- Í nóvember voru skráð fjögur stórfellt fíkniefnabrot.*
- Það sem af er ári hafa verið skráð um 15 prósent færri fíkniefnabrot samanborið við meðalfjölda sama tímabils síðustu þriggja ára.





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Fíkniefni	Nóvember 2016		Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
	Meðalt.		Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	102	116	103	128	-14	-12%	Fækkar
12 mánaða meðaltal	102	106	87	124	-4	-4%	Innan marka



Umferðarlagabrot

- Skráð voru 764 umferðarlagabrot* í nóvember. Skráðum umferðarlagabrotum fjölgar á milli mánaða.
- Skráðum umferðarlagabrotum fækkar miðað við neðri mörk síðastliðna sex mánuði, en eru innan marka miðað við meðalfjölda síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa verið skráð 12 prósent færri brot samanborið við meðalfjölda fyrir sama tímabil síðustu þriggja ára.




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Umferðarlagabrot	Nóvember 2016	Meðalt.	Mörk Neðri	Mörk Efri	Breyting frá +/-	Breyting frá %	Staða breytinga
6 mánaða meðaltal	764	1.009	777	1.241	-245	-24%	Fækkar
12 mánaða meðaltal	764	930	628	1.231	-166	-18%	Innan marka



Akstur undir áhrifum





Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna

- Skráð var 81 brot þar sem ökumaður var grunaður um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna í nóvember.
- Skráð brot eru innan marka miðað við fjölda síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Brotunum hefur fjölgað um tíu prósent það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára.

Ölvun við akstur

- Skráð voru 90 brot þar sem ökumaður var grunaður um ölvun við akstur. Skráðum brotum fjölgar á milli mánaða.
- Skráðum brotum fjölgar miðað við síðustu sex og síðustu 12 mánuði. Reiknast fjölgunin mikil miðað við meðalfjölda sl. 12 mánuði.
- Brotunum hefur fjölgað um þrjú prósent það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára.





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



Umferðarslys

- Skráð voru 40 umferðarslys í nóvember.
- Skráð umferðarslys eru innan marka miðað við meðalfjölda síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Skráð umferðarslys á höfuðborgarsvæðinu voru tíu prósent fleiri í nóvember samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára á undan.




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



Umferðarslys	Nóvember	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	40	38	33	43	2	5%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	40	38	33	43	2	5%	Innan marka



Umferðaróhöpp og ölvun



- Skráð voru 13 umferðaróhöpp í nóvember þar sem ökumaður var grunaður um ölvun við akstur.
- Í nóvember fjölgar skráðum umferðarlagabrot þar sem ökumaður er grunaður um ölvun við akstur miðað við efri mörk síðastliðna sex mánuði, en eru innan marka miðað við síðustu 12 mánuði.
- Skráð umferðaróhöpp þar sem ökumaður er grunaður um ölvun við akstur hefur fjölgað um 21 prósent samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára.




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.


Umferðaróhöpp og ölvun	Nóvember	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	13	11	8	13	3	24%	Fjölgar
12 mánaða meðaltal	13	11	8	14	2	18%	Innan marka




Umferðaróhöpp og fíkniefni



- Í nóvember voru skráð sex umferðaróhöpp þar sem ökumaður er grunaður um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna.
- Skráð umferðaróhöpp þar sem ökumaður er grunaður um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna fækkar mikið miðað við síðustu sex mánuði, en eru innan marka miðað við síðustu 12 mánuði á undan
- Fjöldi umferðaróhappa þar sem ökumaður var grunaður um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna hefur fjölgað um 16 prósent samanborið við meðaltal síðustu þriggja ára.




Umferðaróhöpp og fíkniefni	Nóvember	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	6	12	10	15	-6	-51%	Mikil fækkun
12 mánaða meðaltal	6	6	3	9	0	-3%	Innan marka



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



Þróun á löggæslusvæði 1




- Hér er fjöldi afbrota í nóvember borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjá mánuði á svæði lögreglustöðvar 1, sem nær yfir Miðborg, Vesturbæ, Seltjarnarnes, Háaleiti, Hlíðar og Laugardal.

	Október 2016	Nóvember 2016	Staða breytinga m.v. 6 mán.	Staða breytinga m.v. 12 mán.
Hegningarlagabrot	331	308	Fækkar	Fækkar
Þjófnaður	163	161	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður - innbrot	20	35	Fjölgar	Innan marka
Manndráp og líkamsmeiðingar	48	43	Innan marka	Innan marka
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	0	0	Fækkar	Fækkar
Kynferðisbrot	5	6	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	1	1	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	48	40	Innan marka	Fækkar
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	3	8	Innan marka	Innan marka
Fíkniefni	26	40	Innan marka	Innan marka
Umferðarlagabrot	314	318	Innan marka	Innan marka
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	28	25	Innan marka	Innan marka
Ölvun við akstur	26	41	Fjölgar	Mikil fjölgun
Innbrot á heimili	5	6	Innan marka	Innan marka
Slys	19	15	Innan marka	Innan marka



Þróun á löggæslusvæði 2




- Hér er fjöldi afbrota í nóvember borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjá mánuði á svæði lögreglustöðvar 2, sem nær yfir Hafnarfjörð, Garðabæ og Álftanes.

	Október 2016	Nóvember 2016	Staða breytinga m.v. 6 mánuði	Staða breytinga m.v. 12 mánuði
Hegningarlagabrot	121	84	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður	47	28	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður - innbrot	12	9	Innan marka	Innan marka
Manndráp og líkamsmeiðingar	21	16	Innan marka	Innan marka
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	0	2	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Kynferðisbrot	5	2	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	0	2	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	21	12	Innan marka	Innan marka
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	3	3	Innan marka	Innan marka
Fíkniefni	19	12	Mikil fækkun	Innan marka
Umferðarlagabrot	108	133	Fækkar	Innan marka
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	18	18	Fjölgar	Fjölgar
Ölvun við akstur	13	15	Innan marka	Innan marka
Innbrot á heimili	1	3	Innan marka	Innan marka
Slys	12	9	Innan marka	Innan marka




Þróun á löggæslusvæði 3



- Hér er fjöldi afbrota í nóvember borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjá mánuði á svæði lögreglustöðvar 3, sem nær yfir Breiðholt og Kópavog.

	Október 2016	Nóvember 2016	Staða breytinga m.v. 6 mánuði	Staða breytinga m.v. 12 mánuði
Hegningarlagabrot	182	134	Fækkar	Fækkar
Þjófnaður	77	61	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður - innbrot	15	28	Mikil fjölgun	Fjölgar
Manndráp og líkamsmeiðingar	24	17	Innan marka	Innan marka
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	2	2	Innan marka	Innan marka
Kynferðisbrot	5	7	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	0	0	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	28	20	Innan marka	Innan marka
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	7	9	Innan marka	Innan marka
Fíkniefni	20	19	Fækkar	Innan marka
Umferðarlagabrot	148	169	Innan marka	Innan marka
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	25	29	Fjölgar	Mikil fjölgun
Ölvun við akstur	23	15	Innan marka	Innan marka
Innbrot á heimili	4	6	Innan marka	Innan marka
Slys	9	9	Innan marka	Innan marka

Þróun á löggæslusvæði 4



- Hér er fjöldi afbrota í nóvember borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjá mánuði á svæði lögreglustöðvar 4, sem nær yfir Árbæ, Grafarvog, Grafarholt, Mosfellsbæ, Kjalarnes og Kjósarhrepp.

	Október 2016	Nóvember 2016	Staða breytinga m.v. 6 mánuði	Staða breytinga m.v. 12 mánuði
Hegningarlagabrot	119	93	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður	37	39	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður - innbrot	11	22	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Manndráp og líkamsmeiðingar	22	20	Fjölgar	Fjölgar
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	1	0	Fækkar	Innan marka
Kynferðisbrot	3	0	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	0	1	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	22	15	Fækkar	Innan marka
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	4	3	Innan marka	Innan marka
Fíkniefni	31	30	Innan marka	Innan marka
Umferðarlagabrot	152	142	Fækkar	Innan marka
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	24	8	Mikil fækkun	Mikil fækkun
Ölvun við akstur	11	18	Fjölgar	Fjölgar
Innbrot á heimili	3	8	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Slys	5	7	Innan marka	Innan marka

From: Inga Rún Ólafsdóttir [<mailto:inga.run.olafsdottir@samband.is>]
Sent: 15. desember 2016 08:52
To: Inga Rún Ólafsdóttir
Subject: Vegna kjaradeilu við Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum

Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga

Í tilefni þess að tónlistarskólakennarar eru að senda áskoranir á sveitarstjórnarmenn þessa dagana vill viljum við hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga koma eftirfarandi á framfæri.

Frá nóvember 2015 til vors 2016 lauk samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga gerð kjarasamninga við 61 af 63 viðsemjendum sambandsins. Frá júní og fram til nóvemberloka voru til viðbótar undirritaðir þrír kjarasamningar við Félag grunnskólakennara og var sá síðasti í röðinni samþykktur nú í desember.

Nú er meira en ár liðið frá því að kjarasamningur Sambands íslenskra sveitarfélaga við Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum rann út þann 31. október 2015. Í þessu samningaferli hafa verið haldnir 37 árangurslausir formlegir samningafundir með félaginu, þar af hafa 16 þeirra verið undir stjórn ríkissáttasemjara. Samninganefnd sambandsins hefur á þessu tímabili lagt fram þrjú formleg tilboð sem fólu í sér sambærilegar launahækkanir til tónlistarkennara og aðrar kennarastéttir innan Kennarasambands Íslands hafa notið. Þær launahækkanir hefðu tryggt jafnstöðu tónlistarkennara við stöðu grunnskólakennara og leikskólakennara. Þeim tilboðum hefur samninganefnd FT öllum hafnað.

Við hjá sambandinu hörmum þá stöðu að sá hluti stéttar tónlistarskólakennara og stjórnenda tónlistarskóla sem er innan Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum hafi verið samningslaus í svo langan tíma sem raun ber vitni og minnum jafnframt á ábyrgð beggja aðila til að ljúka kjarasamningi.

Næsti fundur í deilunni verður hjá ríkissáttasemjara síðdegis í dag. Þar gerum við ráð fyrir að fá svar við fjórða tilboði okkar sem lagt var fram nú í vikunni eftir að kjarasamningur við grunnskólakennara var samþykktur.

Með góðri kveðju,



Inga Rún Ólafsdóttir

sviðsstjóri kjarasviðs

Beint innval: 515 4928

Netfang: inga.run.olafsdottir@samband.is


Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.



Stofnun
VIGDÍRAR FINNBOGADÓTTUR
í erlendum tungumálum

14. desember 2016

Reykjavíkurborg

b.t. Dags B. Eggertssonar borgarstjóra

Efni: Leitað eftir stuðningi við dagskrá fyrir almenning í Vigdísarhúsi.

Í mars á næsta ári verður lokið við nýbyggingu Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og hún vígð með viðhöfn á sumardaginn fyrsta. Auk kennslu og rannsókna í erlendum tungumálum mun byggingin hýsa alþjóðlega tungumálamiðstöð sem verður starfrækt innan vébanda UNESCO, Menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Stór hluti byggingarinnar er ætlaður fyrir starfsemi sem opin verður almenningi, en sérstök rými eru hönnuð fyrir sýningahald um tungumál og menningu og í Vigdísarstofu verður hægt að fræðast um líf og störf Vigdísar Finnbogadóttur. Fyrir sunnan bygginguna verður eins konar útileikhús með torgi eða sviði og sætum fyrir um 4-500 manns sem Reykjavíkurborg kostaði. Með mannvirkinu skapast því aðstaða til margvíslegra menningarviðburða bæði innan húss og utan. Stofnunin mun leggja ríka áherslu á að skipuleggja viðburði sem höfða til alls almennings, einkum barna og ungmenna. Þá verður boðið upp á fyrirlestra og aðra þjónustu fyrir ferðamenn.

Stjórn Vigdísarstofnunar hefur ákveðið að fyrstu árin verði starfsemin helguð tungumálum og menningu á Vestur-Norðurlöndum (vesturströnd Noregs, Færeyjum, Íslandi og Grænlandi). Lögð verður áhersla á að fræða leika og lærða um vestnorræn mál og menningu með sýningum, fyrirlestrahaldi, ráðstefnum og ýmsum öðrum menningarviðburðum. Einnig hefur verið ákveðið að efna til sérstakrar sýningar í Vigdísarstofu um sögulegt forsetakjör Vigdísar Finnbogadóttur, þegar Íslendingar brutu blað í veraldarsögunni með því að kjósa sér konu sem forseta.

Bygging Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur er að stórum hluta kostuð af sjálfsaflafé. Fjölmargir einstaklingar, fyrirtæki, félagasamtök, sjóðir, stofnanir og opinberir aðilar, bæði innan lands og utan, hafa lagt verkefninu lið með fjárframlögum. Stuðningur þeirra ber órækt vitni um þá fjölmörgu sem vilja heiðra störf og framgöngu Vigdísar og þakka fyrir allt það sem hún hefur verið þjóðinni.

Innan stofnunarinnar er okkur mikið í mun að starfsemin í nýbyggingunni verði öllum til sóma og lyftistöng fyrir menningu okkar og mannlíf. Til að svo megi verða þarf hún strax að ná flugi með vönduðum sýningum og þróttmikilli dagskrá. Þá er okkur umhugað um að standa vörð um þá einingu sem hefur skapast um verkefnið og ná enn breiðari samstöðu um það, þannig að sem flestir líti á bygginguna og þá starfsemi sem þar fer fram, sem sameign allra Íslendinga.

Vigdís Finnbogadóttir Institutet for Fremmedsprog
Vigdís Finnbogadóttur Institut für fremmedspråk
Vigdís Finnbogadóttir Institut för främmande språk
Vigdís Finnbogadóttirin kieli-instituutti
Vigdís-Finnbogadóttir-Institut für Fremdsprachen

Vigdís Finnbogadóttir Institute of Foreign Languages
L'Institut Vigdís Finnbogadóttir des langues étrangères
Istituto Vigdís Finnbogadóttir de linguas extranjerias
Istituto Vigdís Finnbogadóttir per te lingue straniere
ヴァイグディス・フィンボーガドッティル外国語研究所



Minnisblað

Til borgarstjóra

Efni: Staða innleiðingar mannauðs- og launakerfis SAP 12.12.2016

Vísað er í minnisblað til borgarstjóra dags. 16.11.2016 þar sem farið er yfir verklokaáætlun innleiðingar mannauðs- og launakerfis SAP hjá Reykjavíkurborg.

Hér á eftir eru uppfærðar tvær yfirlitstöflur sem sýna framvindu verkefnisins. Í töflu 1 hér að neðan er farið yfir stöðu innleiðingar á kerfishlutum sem þegar hafa verið teknir í notkun, rakið hvaða atriði eru enn í lagfæringu og hvenær áætlað er að innleiðingu ljúki.

Tafla 1:

Kerfishlutar í rekstri	Upphaf-lega áætlun innleiðing	Kerfishluti tekinn í rekstur	Helstu útstandandi atriði í kerfishluta	Áætluð lok innleiðingar á kerfishluta	Áætluð lok uppfært 12.12.2016	Staða útstandandi atriða 12.12.2016
Ráðningarkerfi	jan.16	mar.16	Geymsla umsókna Aðgangsstýring umsókna Prentun umsókna	des.16	des.16	Geymsla umsókna - í vinnslu Aðgangsstýring umsókna - í vinnslu Prentun umsókna - ekki hafið
Mannauðskerfi	apr.16	mar.16	Áminningar	des.16	des.16	Áminningar - í vinnslu
Launakerfi	jan.16	maí.16	Hækunarskýrslur úrbætur Breytingar á setnum stöðum Skráning/ávinnsla á persónu - starfsmaður í mörgum störfum Orlofsreikningar sjálfvirkni Úrbætur á afstemmingaskýrslum og villulistum Gjaldheimtur Stærri skýrslur	des.16	jan.16	Hækunarskýrslur úrbætur - Lokið Breytingar á setnum stöðum - í vinnslu Skráning/ávinnsla á persónu - starfsmaður í mörgum störfum - í vinnslu Orlofsreikningar sjálfvirkni - Hefst 14. des Úrbætur á afstemmingaskýrslum og villulistum - í vinnslu Gjaldheimtur Stærri skýrslur - í vinnslu Ný mál Innlestur á uppbótum í desember - Lokið Hreinsun skattkorta um áramót - í vinnslu Skattkortum bætt í starfslokaferil - í viðtökuprófunum
Tenging við bókhaldskerfi	jan.16	maí.16	Sjálfvirkni bókhaldskeyrslu	des.16	des.16	Sjálfvirkni bókhaldskeyrslu
Tenging við aðgangsstýringarkerfi (AD/FIM)	jan.16	ágú.16	Hættir starfsmenn Aðalstarf	des.16	des.16	Hættir starfsmenn - hefst 15.12 Aðalstarf - Lokið
Listasmiðja - Launalistar - Samþykktarferli launa	jan.16	sep.16	Starfsmenn vantar á launalista hjá stjórnanda (hættir/skipulagsbreyting) Villa við vistun Viðmót - flokkun eftir sviði, kostnaðarstað, yfirferð	nóv.16	des.16	Starfsmenn vantar á launalista hjá stjórnanda (hættir/skipulagsbreyting) - Lýkur 15. des Villa við vistun - Lýkur 15. des Viðmót launafulltrúa - flokkun eftir sviði, kostnaðarstað, yfirferð - Lokið Ný mál ekki hluti af innleiðingu: Millisumma Starfsheiti birtist í stað stöðu Launategnd gjöld samandregin Reiknaðar einingar
Tenging við Vörhús gagna	maí.16	nóv.16	nóv.16	nóv.16	nóv.16	Ný mál ekki hluti af innleiðingu: Reiknuð eining Sjálfvirkar keyrslur



Í töflu 2 hér að neðan er farið yfir verklokaáætlunina vegna innleiðingar á kerfishlutum sem ekki hafa verið teknir í notkun.

Kerfishlutar í innleiðingu	Áætluð innleiðing	Endskoðuð áætlun	Áætluð lok innleiðingar á kerfishluta	Staða 12.12.2016	Staða útistandandi atriða 12.12.2016
Tenging við VinnuStund	jan.16	nóv.16	nóv.16	des.16	Gangsetning nú fyrirhuguð 19. desember
Launaáætlunarkerfi og skil til bókhalds	maí.16	des.16	des.16	des.16	Lagfæringum lokið á hækkanskýrslum Útistandandi mál: Hættir starfsmenn birtist Tenging við bókhald Viðtökuprófanir
Lokun Oracle - yfirfærsla og aðgengi sögu	des.15	des.16	des.16	des.16	Gögn afhent 13. des
Fræðslukerfi	maí.16	jan.17	jan.17	jan.17	í vinnslu
Listasmiðja - skýrslur	maí.16	jan.17	jan.17	jan.17	í vinnslu
Starfsmannavefur	maí.16	feb.17	feb.17	feb.17	í vinnslu
Verkefnalok	jún.16	mar.17	mar.17	mar.17	

F.h. stýrihóps innleiðingar á mannauðs- og launakerfi SAP

Birgir Björn Sigurjónsson



Borgarráð

Nýlendugata 34, úthlutun lóðar með byggingarrétti.

Óskað er eftir því að borgarráð samþykki að úthluta lóð með byggingarrétti að meðtöldu gatnagerðargjaldi fyrir 400 fermetra byggingu að Nýlendugötu 34, til Reir ehf. kt. 550305-0380 gegn greiðslu á kr. 44.000.000.-

Greinargerð : Byggingafélagið Reir ehf. var hæstbjóðandi í útboði byggingarréttar á lóðum næst Nýlendugötu 34, eða Mýrargötu 27, 29 og 31 og Seljavegi 1A og 1B. Borgarráð staðfesti úthlutun lóðanna dags. 28.5.2015 þar sem útboðsverðið var kr. 88.541 kr. pr. byggingarfermeter að meðtöldu gatnagerðargjaldi.

Félagið hefur óskað eftir að kaupa lóðina við hliðina þ.e. Nýlendugötu 34 til þess að geta samræmt betur byggingarframkvæmdir á lóðunum og aðgengismál. Það mun tryggja að reiturinn byggist upp í einu lagi á sama tíma og ekki slitni á milli framkvæmda við þeirra lóðir og við uppbyggingu lóðarinnar að Nýlendugötu 34. Verð á byggingarréttinum tekur mið af útboðsverði sem samþykkt var gagnvart félaginu og er það uppfært miðað við hækkun vísitölu íbúðaverðs auk álags og er það kr. 110.000. pr. leyfðan byggingarfermeter að meðtöldu gatnagerðargjaldi.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:
Mæliblað dags. 12.3.2015

Lóðauppdráttur Reykjavík, 1:500



Útprintun þarf ekki að vera í uppgefnum kvarða.

--- Byggingarreitir

Fjöldi staðseining og frágangur bílastæða og innkeyrsla skal vera í samræmi við gildandi deiliskipulag og samþykktir.

Lóðir eru tölusettar við Bakkastíg, Mýrargötu, Nýlendugötu, Seljaveg og Vesturgötu.

Ath. 1: Kvæð um legnin og groft OR, 1,5 m


Ath. 2: Kvæð um legnin og groft OR og GR, 1,5 m

Ath. 3: Kvæð um legnin og groft GR, 3 m



$$Y = 18950$$

$$X = 23250$$



Hnitakerfi Reykjavíkur 1951.

Nr.	X-hnit	Y-hnit
103	23166.8690	18612.6160
126	23163.4782	18628.1716
128	23172.5494	18618.9884
132	23176.1202	18598.8853
133	23152.5484	18640.9891
134	23217.3388	18625.3352
136	23214.0778	18615.4025
146	23167.6513	18611.4549
152	23157.2788	18590.6866
169	23153.1206	18600.2423
171	23191.4807	18663.9076
172	23195.5720	18662.8349
175	23189.1618	18570.3984
189	23187.9932	18569.8959
190	23193.8989	18555.4313
204	23191.7083	18605.6684
205	23186.5212	18617.5888
221	23193.6690	18555.3380
222	23188.6054	18571.6941
260	23152.5675	18639.8176
261	23158.2014	18633.7506
262	23145.6606	18635.1059
265	23213.5073	18615.1543
266	23205.4103	18629.1037
267	23199.8882	18638.6172
268	23195.8721	18645.5361
269	23188.7436	18657.8171
270	23184.6817	18659.4378
271	23172.0479	18651.7289
272	23165.6457	18647.8224
273	23155.7914	18641.8095
274	23165.6897	18630.2017
275	23169.2531	18626.5944
276	23172.6676	18628.6778
277	23176.0821	18630.7613
278	23179.0985	18632.6018
279	23181.3358	18629.8828
280	23184.9511	18625.4890
281	23189.5513	18619.8993
282	23195.1010	18607.1448
283	23191.2396	18633.5971
284	23187.2235	18640.5160
285	23177.2566	18643.1925
286	23170.8544	18639.2860
303	23253.6030	18575.6670
307	23263.0490	18580.2430
309	23241.3050	18569.7090
313	23244.8860	18593.6590
314	23254.3330	18598.2360
319	23236.6530	18579.3115
342	23233.5140	18591.0880
345	23231.9570	18590.4050
347	23240.0430	18608.0240
365	23234.6410	18591.0970
366	23227.1960	18608.4421
367	23252.0318	18602.9865
374	23249.9086	18603.8786
375	23241.8307	18599.9652
376	23232.7274	18595.5551
779	23195.7555	18549.9702
780	23183.4667	18545.0033
828	23181.3424	18550.3339

Umhverfis- og skipulagssvið, Landupplýsingadeild, vinnur þennan uppdrátt.

Samþykktir sem þessi Lóðauppdráttur, gerður 12. 03. 2015, byggja á:
Hvöð varðar lóðina Mýrargötu 25 er þessi uppdráttur nú þegar gilti Mæblaðs, sbr. uppdrátt „Hluti úr Lóðauppdrætti“, dags. 26. 08. 2014, samþykktur af byggingarfulltrúa þann 02. 09. 2014.

Hvöð varðar lóðina Vesturgötu 50, er hún hér í samræmi við uppdrátt „Séruppdráttir vegna afsals“ dags. 24. 11. 1997, en þar segir að „við þinglestur á þeim uppdrætti verði lóðin Vesturgata 50 319 m² að stærð“, ekki sé að þeim uppdrætti hafi verið þinglýst.

Hvöð varðar lóðirnar Mýrargötu 27, Mýrargötu 29, Mýrargötu 31, Seljaveg 1A, Seljaveg 1B og Nýlendugötu 34, sem allar koma úr óútsöðu borgandi (landnr. 218177) og sem hér eru númeraðar samkvæmt gildandi deiliskipulagi, óbátt uppdrátturinn gilti (gildi Mæblaðs) þegar byggingarlögin hefur samþykkt uppdráttinn og þegar uppdrátturinn hefur verið þinglýst á einn eða annan hátt, hvöð varðar hverja einstaka lóð, sbr. deiliskipulag samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði þann 20. 11. 2013, í borgarráði þann 28. 11. 2013 og auglýst í B-deild Stjórnartíðna þann 03. 02. 2014.

Hvöð varðar lóðina Nýlendugötu 32, er þessi uppdráttur nú þegar gilti Mæblaðs, sbr. þinglýst skjal 411-A-016074/2000, dags. 04. 08. 2000.

Hvöð varðar lóðina Vesturgötu 54A, er uppdrátturinn nú þegar gilti Mæblaðs, sbr. þinglýst skjal 411-B-002260/1996, dags. 12. 08. 1996.

Hvöð varðar lóðina Bakkastíg 5, er þessi uppdráttur í samræmi við uppdrátt „Séruppdráttur úr mæblað“, dags. 01. 09. 1991.

Hvöð varðar lóðina Vesturgötu 56, er hún í samræmi við uppdrátt „Séruppdráttir vegna afsals“, dags. 05. 10. 1992, Landupplýsingadeild er ekki lóst hvort 72 m² spildunni hefur formlega verið sameinuð lóðinni Vesturgötu 56.

Hvöð varðar lóðina Seljaveg 1, er hún í samræmi við uppdrátt „Séruppdráttir vegna afsals“, dags. 05. 10. 1992.

Hvöð varðar abrar lóðir á þessum uppdrætti (sem allar eru eignalóðir) hafa þær ekki enn verið hnitsettir í „Hnitakerfi Reykjavíkur 1951“.

Umhverfis- og skipulagssvið
Landupplýsingadeild
12. 03. 2015.

Bjarni Þóroddsson

Frá: Upplýsingar - Pósthólf Símaver
Sent: 20. desember 2016 14:12
Til: Ráðhús skjalasafn
Efni: FS: Landsnet hf. - Kerfisáætlun 2016-2025 - leiðrétting - Framlenging á fresti til að skila umsögnum

From: Landsnet Póstfang [<mailto:landsnet@landsnet.is>]
Sent: 19. desember 2016 09:54
To: Landsnet Póstfang
Subject: Landsnet hf. - Kerfisáætlun 2016-2025 - leiðrétting - Framlenging á fresti til að skila umsögnum

Leiðrétting á villu í drögum að kerfisáætlun 2016-2025

Við yfirlestur á drögum að kerfisáætlun Landsnets 2016-2025 uppgötvaðist villa í útreikningum sem breytir niðurstöðu mats á áhrifum valkosta á gjaldskrár dreifiveitna og stórnotenda. Villan snéri að meðhöndlun afskrifta í líkani sem stillt var upp til að meta áhrif eignastofns á tekjumörk, m.a. í þeim tilgangi að bera saman áhrif mismunandi sviðsmynda og valkosta á gjaldskrár.

Villan hefur verið leiðrétt og eru töflur með leiðréttum niðurstöðum birtar í skjali á heimasíðu Landsnets. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum og vonast til að þau hafi ekki haft mikil óþægindi í för með sé

